



FRAMKVÆMD ENDURSKOÐUNAR Á VIRÐISRÝRNUNARPRÓFUM OG ÁHRIF FJÁRMÁLAKREPPUNAR

Fyrirlestur haldinn á endurskoðunardegi FLE þann 17. apríl 2009

Birkir Böðvarsson

Efnisyfirlit

- 1. Inngangur**
2. Framkvæmd endurskoðunar virðisrýrnunarprófs
3. Fjármálakreppan og virðisrýrnunarpróf
4. Samantekt


1. Inngangur

- Áður en hafist er handa við að fjalla um endurskoðun á virðisrýrnunarprófum, er rétt að rifja upp nokkur hugtök og samhengi þeirra:
 - **Framtíðar sjóðstreymi, ávöxtunarkrafa, rekstrarvirði og verðmæti heildar eigna**
 - Yfirverð, viðskiptavild, óefnislegar eignir, kaupverðsútteiling (PPA) og virðisrýrnunarpróf

1. Inngangur

Framtíðar fjárflæði sjóðskapandi einingar núvirt miðað við viðeigandi ávöxtunarkröfu (WACC)


= Hagfræðileg skilgreining rekstrarvirðis!



Rekstrarvirði!

1. Inngangur

Reikningshaldsleg skilgreining rekstrarvirðis: Verðmæti heildar eigna sjóðskapandi einingar!



Rekstrarvirði!

1. Inngangur

- Áður en hafist er handa við að fjalla um endurskoðun á virðisrárnunarprófum, er rétt að rifja upp nokkur hugtök og samhengi þeirra:
 - Framtíðar sjóðstreymi, ávöxtunarkrafa, rekstrarvirði og verðmæti heildar eigna
 - **Yfirverð, viðskiptavild, óefnislegar eignir, kaupverðsútteiling (PPA) og virðisrárnunarpróf**

1. Inngangur

Yfirverð = Rekstrarvirði – bókfært virði nettó rekstartengdra eigna!

Kaupverðsútleiling: Yfirverði deilt niður á

- a) Vanmat á bókfærðri stöðu efnislegra eigna
- b) Óefnislegar eignir
- c) Viðskiptavild

Virðisrýrnunarpróf

- Það ferli að kanna hvort verðmæti eignar (endurheimtanlegt virði) stendur undir bókfærðu virði
- Áherslan í þessum fyrirlestri er á virðisrýrnunarpróf í tengslum við viðskiptavild eða óefnislegar eignir


Efnisyfirlit

1. Inngangur
- 2. Framkvæmd endurskoðunar virðisrýrnunarprófs**
3. Fjármálakreppan og virðisrýrnunarpróf
4. Samantekt

2. Framkvæmd endurskoðunar virðisrýrnunarprófs (VRP) – Flókið verkefni!

- Endurskoðun virðisrýrnunarprófa hefur í mörgum tilfellum reynst vera erfið, enda flókið viðfangsefni :
 - Það er verið að vinna með matskennda hluti og grundvöllurinn byggir að verulegu leyti á framtíðar áætlunum, en ekki sögulegum viðskiptum
 - Sú aðferðafræði sem þarf að beita reynir verulega á þekkingu og þjálfun í verðmats – og fjármálafræðum
 - Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar eru tiltölulega nýtilkomnir og almenn verkþekking á þeim hefur verið að byggjast upp á undanförunum árum
 - Ýmis ákvæði alþjóðlegu staðlanna virka órókrétt og ósanngjörn á stjórnendur, sem getur gert þá ósamvinnuþýða
 - Einnig eru ýmis ákvæði alþjóðlegra reikningsskilastaðla ill framkvæmanleg, eigi að fara eftir ítrustu kröfum staðlanna
 - Oft eru gríðarlegir hagsmunir í húfi fyrir stjórnendur og því getur verið lögð mikil pressa á endurskoðendur að skila ákveðinni niðurstöðu
 - Það getur þjónað hagsmunum stjórnenda að uppfylla ekki kröfur alþjóðlegra staðla um útteilingu yfirverðs á mismunandi sjóðskapandi einingar og á mismunandi tegundir óefnislegra eigna

2. Framkvæmd endurskoðunar virðisrýrnunarprófs (VRP) – Ferlið




2. Framkvæmd endurskoðunar virðisrýrnunarprófs (VRP) – Ýmis vandkvæði

- Mörg vandamál tengjast því að PPA er ekki nægilega vel framkvæmt í upphafi:
 - **Ekki er gerður greinarmunur milli mismunandi sjóðskapandi eininga í kaupverðsútdeilingunni**

2. Framkvæmd endurskoðunar virðisrýrnunarprófs (VRP) – Ýmis vandkvæði

- Dæmi: Keypt er fyrirtæki á 250 (yfirverð 100), sem starfar bæði við að selja bíla og að selja fisk.




- Hvað gerist ef bílasala hrynur, en vegna veikingar krónunnar og hækkandi afurðaverðs erlendis verður afkoma Fisksölunnar mun betri en áætlanir gerðu ráð fyrir?

2. Framkvæmd endurskoðunar virðisrýrnunarprófs (VRP) – Ýmis vandkvæði

- Mörg vandamál tengjast því að PPA er ekki nægilega vel framkvæmt í upphafi:
 - Ekki er gerður greinarmunur milli mismunandi sjóðskapandi eininga í kaupverðsútdeilingunni
 - **Ekki er gerður greinarmunur á milli mismunandi tegunda óefnislegra eigna, sérgreindrar viðskiptavildar og ósérgreindrar viðskiptavildar**

2. Framkvæmd endurskoðunar virðisrýrnunarprófs (VRP) – Ýmis vandkvæði

- Dæmi: Væri Fisksalan skoðuð kæmi í ljós að verðmæti viðskiptasambanda er 25 og vörumerkis 15. Annað yfirverð færi á viðskiptavild, eða 25.



- Hvað gerist ef gerður er samningur við nýjan dreifingaraðila sem gerir það að verkum að allar afurðir verða núna seldar undir hans vörumerki, en núverandi vörumerki Fisksölunnar er lagt til hliðar?

2. Framkvæmd endurskoðunar virðisrýrnunarprófs (VRP) – Ýmis vandkvæði

- Mörg vandamál tengjast því að PPA er ekki nægilega vel framkvæmt í upphafi:
 - Ekki er gerður greinarmunur milli mismunandi sjóðskapandi eininga í kaupverðsútdeilingunni
 - Ekki er gerður greinarmunur á milli mismunandi tegunda óefnislegra eigna, sérgreindrar viðskiptavildar og ósérgreindrar viðskiptavildar
 - **Efnislegar eignir eru ekki metnar rétt**

2. Framkvæmd endurskoðunar virðisrýrnunarprófs (VRP) – Ýmis vandkvæði


- Mörg vandamál tengjast því að PPA er ekki nægilega vel framkvæmt í upphafi:
 - Ekki er gerður greinarmunur milli mismunandi sjóðskapandi eininga í kaupverðsútdeilingunni
 - Ekki er gerður greinarmunur á milli mismunandi tegunda óefnislegra eigna, sérgreindrar viðskiptavildar og ósérgreindrar viðskiptavildar
 - Efnislegar eignir eru ekki metnar rétt
 - **Ekki er í virðisrýrnunarprófum sem framkvæmd eru gerður greinarmunur á því fjárflæði sem gert var ráð fyrir þegar rekstrareiningin var keypt, og fjárstreymi sem stafar af annarri starfsemi eða vegna nýfjárfestinga**

2. Framkvæmd endurskoðunar virðisrýrnunarprófs (VRP) – Ýmis vandkvæði

- Mörg vandamál tengjast því að PPA er ekki nægilega vel framkvæmt í upphafi:
 - Ekki er gerður greinarmunur milli mismunandi sjóðskapandi eininga í kaupverðsútdeilingunni
 - Ekki er gerður greinarmunur á milli mismunandi tegunda óefnislegra eigna, sérgreindrar viðskiptavildar og ósérgreindrar viðskiptavildar
 - Efnislegar eignir eru ekki metnar rétt
 - Ekki er í virðisrýrnunarprófum sem framkvæmd eru gerður greinarmunur á því fjárflæði sem gert var ráð fyrir þegar rekstrareiningin var keypt, og fjárstreymi sem stafar af annarri starfsemi eða vegna nýfjárfestinga
 - **Ekki er jafnvægi í forsendum um WACC og framtíðar áætlanir**


2. Framkvæmd endurskoðunar virðisrýrnunarprófs (VRP) – Ýmis vandkvæði

- Dæmi: Í PPA á Fyrirtækinu hf. var gert ráð fyrir 10% WACC, sem þýddi að Fyrirtækið hf. þurfti að skila frjálsum fjárflæði upp á 8 árið 2008 og síðan 2% vexti eftir það til að standa undir rekstrarvirði upp á 100 og sleppa við virðisrýrnunarpróf.




2. Framkvæmd endurskoðunar virðisrýrnunarprófs (VRP) – Ýmis vandkvæði

- Þegar fyrsta árið er að baki reynist sjóðstreymi hærra en þetta, eða 9 í stað 8, og eru þá allar áætlanir eftir það uppfærðar.
=> Er niðurstaðan þá sú að ekki sé um virðisrýrnun að ræða?



2. Framkvæmd endurskoðunar virðisrýrnunarprófs (VRP) – Ýmis vandkvæði

- Hvað ef það er okkar mat að eðlilegt WACC sé 15% en ekki 10%, og við viljum því gera leiðréttingu á því WACC-i sem notað var í kaupverðsútdelingunni?
=> Er þá um virðisrýrnun að ræða?



2. Framkvæmd endurskoðunar virðisrýrnunarprófs (VRP) – Leiðir til bóta

1. Byggja virðisrýrnunarpróf framtíðarinnar á upphaflegu PPA
 - Þetta þýðir að endurskoðendur verða að ganga úr skugga um að PPA sé unnið tímanlega, eins fagmannlega og unnt er og að niðurstaða þess sé ekki bjöguðum til að ná fram niðurstöðu sem er ekki í samræmi við raunveruleikann
2. Útskýra strax í upphafi hvernig fyrirhugað er að haga VRP í framtíðinni
 - Byggja á þeim forsendum sem miðað er við í upphafi, þannig að það mun ekki ganga upp að koma í framtíðinni fram með allt aðrar forsendur heldur en byggt er á við kaupin
3. Varast að missa sjónar á stóru myndinni þegar verið er að yfirfara einstakar forsendur

=> Ef þetta er gert er 90% allra vandamála tengd endurskoðun VRP rutt út vegi!

- Ástæðan er sú að með þessu móti er bara einu sinni (í upphafi þegar unnið er PPA) farið í gegn um allsherjar verðmat, með tilheyrandi vangaveltum um framtíðarhorfur, forsendur ávöxtunarkröfunnar osfrv.
- Á hverju ári snýst virðisrýrnunarprófið fyrst og fremst um að kanna staðreyndir (stóðst rekstur síðasta árs áætlanir sem fyrir lágu í upphafi árs), og út frá þessu er ályktað um það hvort ástæða sé til að færa framtíðaráætlanir frekar niður, eða hvort rök séu fyrir því að hækka framtíðar áætlanir




Efnisyfirlit

1. Inngangur
2. Framkvæmd endurskoðunar virðisrýrnunarprófs
- 3. Fjármálakreppan og virðisrýrnunarpróf**
4. Samantekt

3. Fjármálakreppan og VRP

- Þróun lykilstærða





- Neikvæðari efnahagshorfur



3. Fjármálakreppan og VRP

- Þróun lykilstærða

- Aukin áhættufælni



3. Fjármálakreppan og VRP

- Áhrif á verðmat fyrirtækja og VRP

- Það er því niðurstaðan að við núverandi aðstæður ætti í flestum tilfellum að vera amk mjög sterkar vísbendingar um virðisrýrnun
- Hafi viðskiptavild orðið til á síðustu 2-3 árum, þá er nánast óhugsandi að ekki þurfi að færa virðisrýrnun viðskiptavildar við núverandi aðstæður
 - Undantekning ef stjórnendur fyrirtækisins höfðu séð fjármálakrísuna fyrir og miðað sínar áætlanir og ávöxtunarkröfu við það (harla ósennilegt...)
 - Undantekning ef fyrirtæki hefur verið keypt á slíkum kostakjörum að fjárfestingin stendur ennþá undir sér þrátt fyrir áföllin (harla ósennilegt...)
 - Undantekning ef fyrirtæki er í starfsemi sem hefur neikvæða fylgni við hagsveifluna (mjög fátítt)
 - Undantekning ef fyrirtæki gerir upp í ISK en er með megnið af sínum tekjum í erlendum gjaldmiðlum (sennilega eina raunhæfa ástæðan sem gæti verið til staðar)

Efnisyfirlit

1. Inngangur
2. Framkvæmd endurskoðunar virðisrýrnunarprófs
3. Fjármálakreppan og virðisrýrnunarpróf
- 4. Samantekt**

4. Samantekt

- Framkvæmd og endurskoðun virðisrýrnunarprófa hafa þvælst verulega fyrir mönnum undanfarin ár og vinsælt er að kenna alþjóðlegum reikningsskilastöðlunum um vandann.
- En þótt staðlarnir kalli á ýmis vandamál er það einföldun að kenna þeim alfarið um. Reynsluleysi bæði þeirra sem framkvæma virðisrýrnunarprófin og þeirra sem endurskoða þau, sem og virðingarleysi stjórnenda gagnvart þeim reglum sem reikningsskilastaðlarnir fara fram á að sé fylgt, spilar sennilega stærra hlutverk.
- Á næstu misserum mun hins vegar reyna enn meira á endurskoðendur almennt, þar sem víðast hvar eru óyggjandi vísbendingar um virðisrýrnun eigna, hvort sem litið er til ytra umhverfis eða til afkomu félaganna sjálfra.
- Það eru því mjög mikilvægt, svo mönnum fallist ekki hendur, að gera sér grein fyrir því að með markvissum aðgerðum, frá upphafi þegar framkvæmt er PPA og í hvert skipti þegar framkvæmt er VRP, er hægt að minnka umtalsvert það huglæga mat og spá um framtíðina sem margir ímynda sér að sé óhjákvæmilegur fylgifiskur virðisrýrnunarprófa, og þannig er hægt að fá meiri vissu í ferlið!

Deloitte.